

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

130
25. júní

I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst. mæli á kr. 2.50 á hverja kwst.

B. Til suðu.

Um kwst. mæli á 90 aura hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst. mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 til kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgþurrkunar á heyi um kwst. mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Önnur raforkunotkun.

Aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum yfir 50 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

130 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 25. júní og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Egilsstaða, nr. 25 14. febrúar 1951.

Atvinnuáráðuneytið, 25. júní 1953.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

131 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sigurgeirs Einarssonar“, 1. júlí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. júlí 1953. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sigurgeirs Einarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar, stórkaupmanns, Vesturgötu 28 í Reykjavík, er andaðist 11. apríl 1953. Er hann stofnaður samkvæmt arfleiðsluskrá hans, dags. 11. ágúst 1952.

Stofnfé sjóðsins eru allar eftirlátnar eigur Sigurgeirs að loknum skiptum í dánarbúi hans, sem nú standa yfir, þó með þeim takmörkunum að Kristín Kristjánsdóttir, Vesturg. 28, skal eiga þess kost að halda íbúð þeirri, er hún nú býr í á efstu hæð Vesturg. 28, þar til reist hefur verið sjúkrahús það er um ræðir í 2. gr. hér á eftir, en fá þá til íbúðar 2 herbergi í sjúkrahúsinu, ef hún hún óskar, hvort tveggja gegn hæfilegri húsaleigu, meðan hún hefur sémilegar ástæður til greiðslu hennar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

A. Að reisa myndarlegt sjúkrahús á Seltjarnarnesi til minningar um lækna Bjarna Pálsson landlækni, er bjó að Nesi á Seltjarnarnesi, og tengdason hans Svein Pálsson, héraðslækni í austur-héraði suðuramtsins.

Er það ósk gefanda að sjúkrahúsið verði reist á sandinum sunnan við heimreiðina að Nesi, en þó ekki skilyrði fyrir gjöfinni.

Skal sjúkrahúsið verða kvaðalaus eign Seltjarnarneshrepps að öðru leyti en því, sem byggingarstyrkur kann að fást til þess úr ríkissjóði, sbr. 8. gr. laga nr. 30/1933, lög nr. 33/1945 og lög nr. 24/1949, svo og því er leiðir af ákvæðum 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

Byggingu sjúkrahússins skal ekki hefja, fyrr en tryggt er fé til að ljúka því, án þess að það þurfi að standa undir verulegum skuldum vegna byggingarkostnaðar, enda hafi þá hreppurinn tekið að sér að annast rekstur þess og sé reksturinn sémilega tryggður fjárhagslega með hliðsjón af stærð sjúkrahússins og annars þess, er til greina kemur í því sambandi.

Til byggingar sjúkrahúss þessa má verja öllum sjóðnum, að fráteknunægilegu fé til þess er tilgreint er í B. og C. hér á eftir.

B. Að annast um viðhald legstaðar vandamanna Sigurgeirs Einarssonar í Stórolfshvolskirkjugarði og styrkja byggingu nýrrar kirkju í Stórolfshvolssókn með